# REGLUGERÐ

## um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim.

1. gr.

Sektir allt að 100.000 krónum og sviptingu ökuréttar vegna einstakra brota á ákvæðum umferðarlaga og reglna, settra samkvæmt þeim, skal ákvarða í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar sem birtast í viðaukum við reglugerð þessa.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum í viðaukum ef veigamikil rök mæla með því.

2. gr.

Þegar ákvörðun er tekin um sekt vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum umferðarlaga, eða reglna settra samkvæmt þeim, skal sektin vera samtala sekta vegna hvers brots um sig, enda rúmist refsingin innan sektarmarka almennra hegningarlaga. Samtala sekta sem lögreglustjóri lýkur með lögreglustjórasátt má þó aldrei fara fram úr þeirri hámarksfjárhæð sem ákveðin er í reglugerð um lögreglustjórasáttir.

Lögreglustjóra ber að veita sakborningi 25% afslátt af sektarfjárhæð sem ákveðin er í lögreglustjórasátt, ef sakborningur greiðir sektina ásamt sakarkostnaði að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs eða undirritun sektargerðar sem sakborningur hefur gengist skriflega undir.

Um innheimtu sekta gilda ákvæði 52. gr. almennra hegningarlaga.

3. gr.

Sekt, sem sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra, afplánast með varðhaldi samkvæmt 4.–6. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 57 22. maí 1997, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum, nr. 403 27. júní 1997, sbr. reglugerð nr. 718 22. desember 1997.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. maí 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Benedikt Bogason.*

VIÐAUKI I

**Skrá yfir sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim.**

Brot á eftirfarandi ákvæðum umferðarlaga, eða reglum sem settar hafa verið samkvæmt þeim, varða sektum og sviptingu ökuréttar samkvæmt þessari skrá:

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð í kr.* |
|---|---|---|
| **II. KAFLI (4.–10. gr.). Reglur fyrir alla umferð.** | | |
| **4. gr.** | **Meginreglur.** | |
| *1. mgr.:* | Verður beitt ef engin sérregla á við | 3.000 |
| *2. mgr.:* | Verður beitt með sérreglu til þyngingar | 3.000 |
| **5. gr.** | **Leiðbeiningar fyrir umferð.** | |
| *1.-2. mgr.:* | Ekið gegn rauðu umferðarljósi | 10.000 |
| | Ekið gegn einstefnu | 5.000 |
| | Bann við framúrakstri eigi virt | 5.000 |
| | Önnur umferðarmerki eigi virt (nema leggja beri á gjald skv. c-lið 108. gr.) | 5.000 |
| *3. mgr.:* | Óhlýðni ökumanns við leiðbeiningum lögreglu | 8.000 |
| **5. gr. a.** | **Akstur utan vega í þéttbýli.** | |
| *1. mgr.:* | Ekið eða lagt á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð ökutækja | 3.000 |
| **6. gr.** | **Leikir o.fl.** | |
| *1. mgr.:* | Stokkið af eða upp í ökutæki á ferð eða verið utan á ökutæki á ferð | 3.000 |
| *2. mgr.:* | Hangið í ökutæki á ferð | 3.000 |
| | Maður á skíðum, hjólaskíðum, skautum o.þ.h. dreginn á vegi | 3.000 |
| *3. mgr.:* | Leikur á vegi veldur óþægindum fyrir umferð | 3.000 |
| **7. gr.** | **Vistgötur.** | |
| *2. mgr.:* | Ógætilegur akstur á vistgötu | 5.000 |
| *4. mgr.:* | Ökutæki lagt utan merktra stæða á vistgötu. Gjald skv. 108. gr., sbr. auglýsingu um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 317/1993. | |
| **8. gr.** | **Að hindra eða trufla neyðarakstur o.fl.** | |
| *2. mgr.:* | Eigi vikið í tæka tíð fyrir ökutæki sem gefur hljóð- eða ljósmerki | 10.000 |
| *3. mgr.:* | Hvít veifa notuð án heimildar | 3.000 |
| *4. mgr.:* | Óviðkomandi hamlar björgunarstarfi með því að vera of nærri slys- eða brunastað | 3.000 |
| *5. mgr.:* | Vegfarandi hindrar eða rýfur för líkfylgdar, hóps barna undir leiðsögn stjórnanda eða annarrar hópgöngu | 4.000 |
| **9. gr.** | **Skemmdir á umferðarmerkjum.** | |
| *1. mgr.:* | Umferðarmerki numið á brott eða breytt | 5.000 |
| *2. mgr.:* | Eigi gerðar viðeigandi ráðstafanir vegna skemmda á umferðarmerki | 4.000 |
| **10. gr.** | **Skyldur við umferðaróhapp.** | |
| *1. mgr.:* | Eigi numið staðar og veitt hjálp | 8.000 |
| | Neitað að skýra frá nafni og heimilisfangi | 6.000 |
| *2. mgr.:* | Vanrækt að tilkynna lögreglu um slys | 8.000 |
| **IV. KAFLI (13.-35. gr.). Umferðarreglur fyrir ökumenn.** | | |
| **13. gr.** | **Notkun akbrauta.** | |
| *1. mgr.:* | Ekið eftir gangstétt eða gangstíg | 4.000 |
| *2. mgr.:* | Eigi notuð sú rein sem ökutæki er ætluð | 3.000 |
| **14. gr.** | **Hvar skal aka á vegi.** | |
| *1. mgr.:* | Ökutæki eigi haldið nægjanlega til hægri | 3.000 |
| *3. mgr.:* | Of stutt bil milli ökutækja | 5.000 |
| *5. mgr.:* | Ökutæki í vegavinnu ekið óvarlega | 5.000 |
| **15. gr.** | **Akstur á vegamótum og í beygjum.** | |
| *1. og 3. mgr.:* | Röng staðsetning fyrir og við beygju á vegamótum | 3.000 |
| *2. mgr.:* | Ekið ógætilega á vegamótum | 5.000 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð í kr.* |
|---|---|---|
| **17. gr.** | **Að snúa ökutæki, aka aftur á bak og skipta um akrein.** | |
| *1. mgr.:* | Ökutæki bakkað eða snúið við þannig að hætta eða óþægindi skapast fyrir aðra | 4.000 |
| *2. mgr.:* | Eigi höfð nægileg aðgát við akstur frá vegarbrún, þegar skipt er um akrein eða ekið á annan hátt til hliðar, ökutæki er stöðvað eða dregið skyndilega úr hraða þess | 5.000 |
| *3. mgr.:* | Vanræksla á skyldum við akstur frá aðrein yfir á akrein | 5.000 |
| | Vanrækt að auðvelda umferð af aðrein inn á akrein | 5.000 |
| *4. mgr.:* | Röng notkun fráreinar | 5.000 |
| **18. gr.** | **Akstur við biðstöð hópbifreiða o.fl.** | |
| *1. mgr.:* | Eigi virtur forgangur hópbifreiðar til aksturs frá biðstöð | 5.000 |
| | Stjórnandi hópbifreiðar vanrækir aðgát við akstur frá biðstöð | 5.000 |
| *2. mgr.:* | Eigi sýnd sérstök aðgát í námunda við merkta skólabifreið sem hefur stansað o.fl. | 7.000 |
| **19. gr.** | **Þegar ökutæki mætast.** | |
| *1. mgr.:* | Eigi vikið nægilega eða dregið úr hraða | 4.000 |
| **20. gr.** | **Framúrakstur.** | |
| *1. mgr.:* | Ekið hægra megin fram úr | 4.000 |
| | Ekið vinstra megin fram úr ökutæki sem er að sveigja til vinstri | 5.000 |
| *2. mgr.:* | Eigi sýnd nægileg varúð við framúrakstur (a-d liðir) | 5.000 |
| *3. mgr.:* | Hliðarbil ófullnægjandi | 5.000 |
| | Sveigt of snemma til hægri | 5.000 |
| *4. mgr.:* | Eigi sýnd nægileg aðgæsla þegar ekið er fram úr ökutæki í vegavinnu | 5.000 |
| **21. gr.** | | |
| *1. mgr.:* | Eigi vikið nægilega eða framúrakstur torveldaður | 5.000 |
| *2. mgr.:* | Eigi vikið til hliðar, dregið úr hraða eða numið staðar, ef þörf krefur | 5.000 |
| **22. gr.** | **Bann við framúrakstri.** | |
| *1. mgr.:* | Ekið fram úr við eða á vegamótum | 6.000 |
| *2. mgr.:* | Ekið fram úr þegar vegsýn er skert | 6.000 |
| **23. gr.** | **Framúrakstur og akreinaskipti í þéttri umferð.** | |
| *1. mgr.:* | Svigakstur á tveimur eða fleiri akreinum | 5.000 |
| **24. gr.** | **Framúrakstur við gangbraut.** | |
| | Ekið fram úr rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni | 10.000 |
| **25. gr.** | **Skylda til að veita öðrum forgang.** | |
| *1. mgr.:* | Eigi sýnd sérstök aðgát við vegamót | 5.000 |
| *2. mgr.:* | Eigi virt: | |
| | - biðskylda | 6.000 |
| | - stöðvunarskylda | 8.000 |
| *3. mgr.:* | Vanrækt að veita forgang við akstur út á veg frá bifreiðastæðum, lóðum, landareignum o.fl. | 6.000 |
| *4. mgr.:* | Eigi virtur almennur forgangur á vegamótum o.fl. (hægri reglan) | 6.000 |
| *6. mgr.:* | Forgangur eigi virtur | 5.000 |
| *7. mgr.:* | Stöðvun ökutækis á eða við vegamót veldur óþarfa óþægindum | 4.000 |
| **26. gr.** | **Sérstakar skyldur gagnvart gangandi vegfarendum.** | |
| *1. mgr.:* | Vanrækt að veita nægilegt rými á vegi o.fl. | 5.000 |
| *2. mgr.:* | Forgangur gangandi vegfaranda eigi virtur | 5.000 |
| *3. mgr.:* | Ekið óvarlega á göngugötu | 5.000 |
| *4. mgr.:* | Ekið óvarlega á vegamótum o.fl. | 5.000 |
| *5.-6. mgr.* | Gangbrautarréttur eigi virtur | 9.000 |
| **27. gr.** | **Stöðvun ökutækis og lagning þess.** | |
| *1. mgr.:* | Ökutæki veldur óþægindum eða hættu fyrir umferð | 4.000 |
| *2. mgr.:* | Lagt á röngum vegarhelmingi o.fl. | 3.000 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð í kr.* |
|---|---|---|
| *3. mgr.:* | Óheimil stöðvun eða lagning ökutækis á gangstétt, gangstíg, umferðareyjum og svipuðum stöðum. Gjald skv. 108. gr., sbr. auglýsingu um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 317/1993. | |
| *4. mgr.:* | Eigi gengið frá ökutæki með tryggilegum hætti | 4.000 |
| *5. mgr.:* | Dyr ökutækis opnaðar til hættu eða óþæginda o.fl. | 5.000 |
| **28. gr.** | | |
| *1. mgr.:* | *Ökutæki stöðvað eða því lagt:* | |
| | c) Þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós | 4.000 |
| | d) Í göngum eða undir brú | 4.000 |
| | e) Á eða við blindhæð o.fl. þar sem vegsýn er skert | 6.000 |
| | f) Á eða við hindrunarlínu þannig að torveldi akstur á rétta rein | 4.000 |
| | g) Á hringtorgi | 4.000 |
| | *Ökutæki stöðvað eða því lagt:* | |
| | a) Á eða við gangbraut | |
| | b) Á eða við vegamót | |
| | h) Á merktu stæði leigubifreiða eða fatlaðra | |
| | i) Minna en 15 m frá merki fyrir biðstöð hópbifreiða | |
| | Ber að leggja á gjald skv. 108. gr., sbr. auglýsingu um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 317/1993. | |
| *2. mgr.:* | *Ökutæki lagt:* | |
| | a) Á brú | 6.000 |
| | b) Við heimreið húss eða lóðar | 3.000 |
| | c) Við hlið annars ökutækis sem stendur við brún akbrautar | 4.000 |
| | d) Þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum | 4.000 |
| | e) Við vatnshana slökkviliðs | 4.000 |
| **30. gr.** | **Skyldur ökumanns, þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstökum tilvikum.** | |
| | Brot gegn ákvæðum greinarinnar | 4.000 |
| **31. gr.** | **Merki og merkjagjöf.** | |
| *1.–2. mgr.:* | Merkjagjöf vanrækt | 4.000 |
| | Ónauðsynleg merkjagjöf | 4.000 |
| **32. gr.** | **Ljósanotkun.** | |
| *1. mgr.:* | Ökuljós eigi tendruð í dagsbirtu | 3.000 |
| *2. mgr.:* | Ökuljós eigi tendruð þegar birta er ófullnægjandi | 6.000 |
| *3.-8. mgr.:* | Óheimil eða röng notkun ljósa | 4.000 |
| **33. gr.** | **Ljósanotkun.** | |
| *1. og 3. mgr.:* | Stöðuljós eigi tendruð | 4.000 |
| **34. gr.** | **Akstursíþróttir og aksturskeppni.** | |
| *2. mgr.:* | Efnt til aksturskeppni án leyfis lögreglustjóra | 12.000 |
| **35. gr.** | **Óþarfa hávaði o.fl.** | |
| *1. mgr.:* | Óþarfa hávaði frá vélknúnu ökutæki | 3.000 |
| | Óþarfa loftmengun frá vélknúnu ökutæki | 3.000 |
| *2. mgr.:* | Óþarfa ónæði frá ökutæki við íbúðarhús | 3.000 |

**V. KAFLI (36.-38. gr.). Ökuhraði.**

| | | |
|---|---|---|
| **36. gr.** | **Almennar reglur um ökuhraða.** | |
| *1.–3. mgr.:* | Ökuhraði eigi miðaður við aðstæður | 8.000 |
| *4. mgr.:* | Aur slettist á vegfarendur vegna ógætilegs aksturs | 3.000 |
| **37. gr.** | **Almennar hraðatakmarkanir.** | |
| | Þegar ekið er yfir lögleyfðum hámarkshraða skal beita eftirfarandi töflu. Í fyrstu línu lárétt er lögleyfður hámarkshraði tilgreindur. Raunverulegur hraði ökutækis er tilgreindur í fyrstu línu lóðrétt. | |

| *Hraði* | *30 km* | *35 km* | *50 km* | *60 km* | *70 km* | *80 km* | *90 km* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 41-45 | 8.000 | | | | | | |
| 46-50 | 10.000 | 8.000 | | | | | |
| 51-55 | 12.000 | 10.000 | | | | | |
| 56-60 | 16.000 | 12.000 | | | | | |
| 61-65 | 20.000 | 16.000 | 4.000 | | | | |
| Svipting | 1 mán. | | | | | | |
| 66-70 | 25.000 | 20.000 | 6.000 | | | | |
| Svipting | 2 mán. | 1 mán. | | | | | |
| 71-75 | 30.000 | 25.000 | 8.000 | 4.000 | | | |
| Svipting | 3 mán. | 2 mán. | | | | | |
| 76-80 | 35.000 | 30.000 | 10.000 | 6.000 | | | |
| Svipting | 4 mán. | 3 mán. | | | | | |
| 81-85 | 50.000 | 35.000 | 12.000 | 8.000 | 4.000 | | |
| Svipting | 6 mán. | 4 mán. | | | | | |
| 86-90 | 80.000 | 50.000 | 16.000 | 10.000 | 6.000 | | |
| Svipting | 12 mán. | 6 mán. | | | | | |
| 91-95 | | 80.000 | 20.000 | 12.000 | 8.000 | 4.000 | |
| Svipting | | 12 mán. | 1 mán. | | | | |
| 96-100 | | | 25.000 | 16.000 | 10.000 | 8.000 | |
| Svipting | | | 2 mán. | | | | |
| 101-110 | | | 30.000 | 20.000 | 12.000 | 10.000 | 4.000 |
| Svipting | | | 3 mán. | 1 mán. | | | |
| 111-120 | | | 35.000 | 25.000 | 16.000 | 12.000 | 10.000 |
| Svipting | | | 4 mán. | 2 mán. | | | |
| 121-130 | | | 50.000 | 30.000 | 20.000 | 16.000 | 12.000 |
| Svipting | | | 6 mán. | 3 mán. | 1 mán. | | |
| 131-140 | | | 80.000 | 35.000 | 25.000 | 20.000 | 16.000 |
| Svipting | | | 12 mán. | 4 mán. | 2 mán. | 1 mán. | |
| 141-150 | | | | 50.000 | 30.000 | 25.000 | 20.000 |
| Svipting | | | | 6 mán. | 3 mán. | 2 mán. | 1 mán. |
| 151-160 | | | | 80.000 | 35.000 | 30.000 | 25.000 |
| Svipting | | | | 12 mán. | 4 mán. | 3 mán. | 2 mán. |
| 161-170 | | | | | 50.000 | 35.000 | 30.000 |
| Svipting | | | | | 6 mán. | 4 mán. | 3 mán. |
| 171-180 | | | | | 80.000 | 50.000 | 35.000 |
| Svipting | | | | | 12 mán. | 6 mán. | 4 mán. |
| 181-190 | | | | | | 80.000 | 50.000 |
| Svipting | | | | | | 12 mán. | 6 mán. |
| 191-200 | | | | | | | 80.000 |
| Svipting | | | | | | | 12 mán. |

**38. gr.** **Ökuhraði sérstakra gerða ökutækja.**

Við ákvörðun sekta og sviptingar ökuréttar fyrir brot á ákvæðum þessarar greinar skal beita töflu 37. gr. að teknu tilliti til lögleyfðs hámarkshraða ökutækis.

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð í kr.* |
|---|---|---|
| **VI. KAFLI (39.- 43. gr.). Sérreglur fyrir reiðhjól, bifhjól og torfærutæki.** | | |
| **39.-40. gr.** | **Reiðhjól.** | |
| | Brot á sérreglum fyrir reiðhjól | 3.000 |
| **41. gr.** | **Bifhjól.** | |
| | Brot á sérreglum fyrir bifhjól | 4.000 |
| **42. gr.** | **Létt bifhjól.** | |
| | Brot á sérreglum fyrir létt bifhjól | 4.000 |
| **43. gr.** | **Torfærutæki.** | |
| | Brot á sérreglum fyrir torfærutæki | 4.000 |
| **VII. KAFLI (44. – 58. gr.). Um ökumenn.** | | |
| **44. gr.** | **Veikindi, áfengisáhrif o.fl.** | |
| *2. mgr.:* | Ökumaður ekki fær um að stjórna ökutæki örugglega: | |
| | -vegna neyslu örvandi eða deyfandi efna: | |
| | 1. brot Svipting 1–6 mánuðir | 30.000 |
| | 2. brot Svipting 6–12 mánuðir | 50.000 |
| | - vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, svefnleysis o.fl. | 15.000 |
| *3. mgr.:* | Ökumanni í ástandi skv. 2. mgr. falin stjórn ökutækis | 10.000 |
| *4. mgr.:* | Neysla áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við akstur | 15.000 |
| *5. mgr.:* | Tóbaksreykingar við stjórn bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni | 3.000 |
| *6. mgr.:* | Um brot á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 136/1995, ásamt síðari breytingum, vísast til viðauka II. | |
| **45. gr.** | **Ölvunarakstur.** | |
| | Taflan miðast við að um fyrsta brot sé að ræða. | |

| Vínandamagn í blóði ‰ | Sektir | Svipting |
|---|---|---|
| 0,50 - 0,60 | 30.000 | 2 mán. |
| 0,61 - 0,75 | 35.000 | 4 mán. |
| 0,76 - 0,90 | 40.000 | 6 mán. |
| 0,91 - 1,10 | 45.000 | 8 mán. |
| 1,11 - 1,19 | 50.000 | 10 mán. |
| 1,20 og yfir | 60.000 | 12 mán. |

| Vínandamagn í lofti mg/l | Sektir | Svipting |
|---|---|---|
| 0,250 - 0,300 | 30.000 | 2 mán. |
| 0,301 - 0,375 | 35.000 | 4 mán. |
| 0,376 - 0,450 | 40.000 | 6 mán. |
| 0,451 - 0,550 | 45.000 | 8 mán. |
| 0,551 - 0,599 | 50.000 | 10 mán. |
| 0,600 og yfir | 60.000 | 12 mán. |

(Ath.: Svipting lágmark 12 mánuðir neiti ökumaður að gefa öndunarsýni)

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð í kr.* |
|---|---|---|
| *6. mgr.:* | Stjórnað eða reynt að stjórna hjóli eða hesti undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna | 5.000 |
| *7. mgr.:* | Ökumanni í því ástandi sem fram kemur í ákvæðinu falin stjórn ökutækis | 15.000 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð í kr.* |
|---|---|---|
| **46. gr.** | **Áfengisáhrif o.fl.** | |
| *1. og 3. mgr.:* | Veitingamenn, þjónar eða bensínafgreiðslumenn reyna ekki koma í veg fyrir ölvunarakstur | 6.000 |
| **48. gr.** | **Ökupróf og ökuskírteini.** | |
| *1. mgr.:* | Akstur bifreiðar eða bifhjóls *sviptur ökurétti:* | |
| | - fyrsta brot | 50.000 |
| | - annað brot | 100.000 |
| | Akstur bifreiðar eða bifhjóls án þess að hafa *öðlast ökurétt:* | |
| | - í fyrsta sinn | 5.000 |
| | - í annað sinn | 8.000 |
| | Ekið án þess að hafa endurnýjað ökuskírteini | 3.000 |
| | Ökuskírteini ekki meðferðis | 2.000 |
| **50. gr.** | Akstur bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni án þess að hafa réttindi til þess | 8.000 |
| | Akstur bifreiðar sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd eða akstur annarra ökutækja án þess að hafa fengið tilskilin réttindi | 8.000 |
| **55. gr.** | **Stjórnendur dráttarvéla, vinnuvéla, léttra bifhjóla og torfærutækja.** | |
| | Akstur dráttarvélar, vinnuvélar, létts bifhjóls og torfærutækis *sviptur ökurétti:* | |
| | - fyrsta brot | 50.000 |
| | - annað brot | 100.000 |
| | Akstur ofangreindra ökutækja án þess að hafa *öðlast tilskilinn ökurétt:* | |
| | - fyrsta brot | 5.000 |
| | - annað brot | 8.000 |
| | Ekið án þess að hafa endurnýjað ökuskírteini | 3.000 |
| | Ökuskírteini ekki meðferðis | 2.000 |
| **57. gr.** | **Æfingaakstur.** | |
| *1. mgr.:* | Ökukennari hefur ekki hlotið löggildingu (bifreið) | 8.000 |
| *2. mgr.:* | Ökukennari hefur ekki hlotið löggildingu (bifhjól) | 6.000 |
| *3. mgr.:* | Ökukennari fer ekki að reglum við framkvæmd æfingaaksturs | 6.000 |
| *4. mgr.:* | Æfingaakstur fer fram fyrr en heimilt er: | |
| | - kennari | 6.000 |
| | - nemandi | 5.000 |
| *6. mgr.:* | (Sbr. 30.-31. gr. reglugerðar um ökuskírteini, nr. 501/1997). | |
| | Leiðbeinandi hefur ekki tilskilið leyfi | 6.000 |
| | Æfingaakstur á léttu bifhjóli eða dráttarvél fer fram fyrr en heimilt er | 4.000 |
| | Nemandi hefur ekki tilskilið leyfi til æfingaaksturs létts bifhjóls eða dráttarvélar | 4.000 |
| **58. gr.** | **Upplýsingaskylda o.fl.** | |
| *1. mgr.:* | Eigandi/umráðamaður neitar að gera grein fyrir því hver hafi stjórnað ökutæki | 20.000 |
| *2. mgr.:* | Manni, sem ekki hefur til þess réttindi, falin stjórn ökutækis: | |
| | - bifreið eða bifhjól | 6.000 |
| | - dráttarvél, vinnuvél, létt bifhjól eða torfærutæki | 4.000 |
| **VIII. KAFLI** | **(59. – 70. gr.). Um ökutæki.** | |
| **59. gr.** | **Gerð og búnaður (sbr. 1. mgr. 60. gr.).** | |
| *1. mgr.:* | Hætta eða óþægindi leiða af ökutæki | 6.000 |
| | - hélaðar rúður | 4.000 |
| *2. mgr.:* | Gerð og búnaði ökutækis áfátt. | |
| | Eigandi/umráðamaður: | |
| | a) Áletranir eða merki | 4.000 |
| | b) Stýrisbúnaður | 8.000 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð í kr.* |
|---|---|---|
| | c) Hemlar | 8.000 |
| | d) Ljósker eða glitaugu | 8.000 |
| | e) Aðbúnaður ökumanns eða farþega | 4.000 |
| | f) Útsýn | 4.000 |
| | g) Öryggisbúnaður | 4.000 |
| | h) Hraðamælir | 4.000 |
| | i) Hjólabúnaður | |
| | - fyrir hvern óhæfan hjólbarða | 3.000 |
| | - nagladekk án heimildar | 4.000 |
| | j) Tengibúnaður | 6.000 |
| | k) Búnaði fyrir farm áfátt | 6.000 |
| | l) Hljóðmerkisbúnaður | 4.000 |
| | m) Útblásturskerfi í ólagi | 4.000 |
| | Ökumaður: Helmingur af tilgreindri upphæð. | |
| | *Reiðhjól:* | |
| | a) hemlabúnaði áfátt | 2.000 |
| | b) ljósum og glitmerkjum áfátt | 2.000 |
| | c) annað | 2.000 |
| **62. gr.** | **Tenging og dráttur ökutækja.** | |
| *1. mgr.:* | Fleiri en einn tengivagn eða tengitæki tengt við: | |
| | - bifreið | 5.000 |
| | - torfærutæki | 5.000 |
| | - reiðhjól | 5.000 |
| *2. mgr.:* | Fleiri en tveir eftirvagnar eða fleiri en einn eftirvagn og eitt tengitæki tengt við: | |
| | - dráttarvél | 5.000 |
| | - vinnuvél | 5.000 |
| *3. mgr.:* | Eftirvagn eða tengitæki tengt við: | |
| | - bifhjól | 5.000 |
| | - létt bifhjól | 5.000 |
| *4. mgr.:* | Hliðarvagn tengdur vinstra megin við bifhjól eða reiðhjól | 5.000 |
| | Hliðarvagn tengdur við létt bifhjól | 5.000 |
| *5.-6. mgr.:* | Brot á reglum um tengingu og drátt ökutækja, nr. 394/1992. | |
| | Eftir efni og eðli brots | 4.000 – 10.000 |
| **63. gr.** | **Skráning.** | |
| *1. mgr.:* | Notkun skráningarskylds ökutækis án þess að það hafi verið skráð og skráningarmerki sett á það | 8.000 |
| **64. gr.** | Vanrækt að tilkynna eigendaskipti | 4.000 |
| | Vanrækt að færa ökutæki, sem breytt hefur verið á þann veg að það kallar á breytta skráningu, til skoðunar | 4.000 |
| | Skráningarmerki vantar eða eru ógreinileg | 6.000 |
| | Skráningarmerki vísvitandi gerð ógreinileg | 8.000 |
| | Skráningarskírteini fylgir ekki ökutæki | 4.000 |
| | Brotið gegn reglum um tímabundinn akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar | 4.000 |
| **66. gr.** | **Erlend ökutæki (sbr. reglugerð nr. 267/1993).** | |
| | Brot gegn reglum um notkun erlendra ökutækja | 4.000 – 8.000 |
| **67. gr.** | **Skoðun ökutækja og eftirlit.** | |
| | Vanrækt að færa ökutæki til: | |
| | - aðalskoðunar | 8.000 |
| | - endurskoðunar | 4.000 |
| | Vanrækt að færa ökutæki, sem breytt hefur verið í atriðum sem kalla á breytta skráningu, til breytingaskoðunar | 4.000 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð í kr.* |
|---|---|---|
| 70. gr. | **Leiga ökutækja (sbr. reglur um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án ökumanns, nr. 127/1960).** | |
| | Ökutæki leigt í atvinnuskyni án leyfis | 20.000 |
| | Önnur brot gegn reglum um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án ökumanns | 2.000 – 10.000 |
| **IX. KAFLI (71.-72. gr. a). Um notkun öryggis- og verndarbúnaðar.** | | |
| 71. gr. | **Öryggisbelti.** | |
| *1. mgr.:* | Öryggisbelti ekki notað | 4.000 |
| *2. mgr.:* | Sérstakur öryggisbúnaður fyrir barn ekki notaður | 10.000 |
| *5. mgr.:* | Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað | 8.000 |
| 72. gr. | **Hlífðarhjálmar.** | |
| *1. mgr.:* | Hlífðarhjálmur ekki notaður | 4.000 |
| *2. mgr.:* | Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálm | 6.000 |
| **X. KAFLI (73.-76. gr.). Flutningur, hleðsla, þyngd og stærð ökutækja.** | | |
| 73. gr. | **Hleðsla ökutækja.** | |
| *1. mgr.:* | Farþegar eða farmur: | |
| | - byrgja útsýn ökumanns | 4.000 |
| | - tálma notkun stjórntækja ökumanns | 4.000 |
| | - byrgja lögboðinn ljósa- eða merkjabúnað ökutækis | 4.000 |
| | - byrgja skráningarmerki ökutækis | 3.000 |
| *2. mgr.:* | Of margir farþegar. | |
| | - fyrir hvern umframfarþega | 3.000 |
| *3.-4. mgr.:* | Brot á reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu á farmi, nr. 393/1992. | |
| | Eftir eðli og efni brots | 4.000 – 15.000 |
| *5. mgr.:* | Um brot á reglugerð um flutning á hættulegum farmi, nr. 192/1998, vísast til viðauka III. | |
| 75. gr. | **Breidd, lengd og hæð ökutækja.** | |
| *1. mgr.:* | Brot á slíkum ákvæðum í reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 425/1995, ásamt síðari breytingum | 4.000 – 10.000 |
| *2. mgr.:* | Ökumaður veldur hættu eða óþægindum við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínum o.þ.h. | 7.000 |
| 76. gr. | **Ásþungi og þyngd (sbr. reglugerð nr. 425/1995).** | |
| | Ásþungi allt að 10% umfram leyfilegt hámark | 12.000 |
| | Ásþungi allt að 20% umfram leyfilegt hámark | 20.000 |
| | Ásþungi allt að 30% umfram leyfilegt hámark | 30.000 |
| | Ásþungi meiri en 30% umfram leyfilegt hámark | 40.000 |
| **XI. KAFLI (77.-78. gr.). Óhreinkun vegar o.fl.** | | |
| 77. gr. | **Óhreinkun vegar o.fl.** | |
| *1.-2. mgr.:* | Munum fleygt eða þeir skildir eftir á vegi þannig að þeir hafa í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferð | 6.000 |
| 78. gr. | **Rekstur búfjár.** | |
| *1. mgr.:* | Búfé rekið á vegi í þéttbýli án leyfis lögreglustjóra | 4.000 |
| *2. mgr.:* | Of fáir gæslumenn við rekstur búfjár í dreifbýli | 6.000 |
| *3. mgr.:* | Búfé ekki vikið fljótt og greiðlega úr vegi annarrar umferðar | 4.000 |

| Lagagrein | Tegund brots | Sektarfjárhæð í kr. |
|---|---|---|
| **XII. KAFLI (79.-87. gr.). Umferðarstjórn, umferðarmerki o.fl.** | | |
| **81. gr.** | **Umferðarstjórn o.fl.**<br>Leggja ber á gjald skv. d- og e-liðum 108. gr. | |
| **83. gr.** | **Stöðukort og stöðureitir.**<br>Leggja ber á gjald skv. d- og e-liðum 108. gr. | |
| **86. gr.** | **Merkingar þegar röskun á vegi vegna vegavinnu eða af öðrum ástæðum veldur hættu.**<br>Ófullnægjandi merking | 5.000 - 10.000 |
| **87. gr.** | Spjöld, auglýsingar, ljósabúnaður og þess háttar sett á eða í tengslum við umferðarmerki eða umferðarljós | 5.000 |

## VIÐAUKI II
## Skrá yfir sektir og önnur viðurlög vegna brota á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 136/1995, ásamt síðari breytingum.

Brot á eftirfarandi ákvæðum reglugerðarinnar varða *að lágmarki* sektum og sviptingu ökuréttar samkvæmt þessari skrá:

| | Tegund brots | Sektarfjárhæð í kr. |
|---|---|---|
| **A.** | **2. gr. reglugerðar nr. 136/1995, sbr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/1985.** | |
| | Akstur slíkrar bifreiðar án ökuréttar | 10.000 |
| **B.** | **2. gr. reglugerðar nr. 136/1995, sbr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/1985.** | |
| | Akstursdagur of langur: | |
| | - allt að 4 klst. of langur | 25.000 |
| | - 4 til 8 klst. of langur | 40.000 |
| | - meira en 8 klst. of langur | 50.000 |
| | Heildaraksturstími á hálfum mánuði yfir 100 klst. | 25.000 |
| **C.** | **2. gr. reglugerðar nr. 136/1995, sbr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/1985.** | |
| | Hlé frá akstri: | |
| | - ekki tekið eftir meira en 6 klst. samfelldan akstur | 25.000 |
| | - ekki tekið eftir meira en 9 klst. samfelldan akstur. Svipting 1 mánuður | 40.000 |
| | - ekki tekið eftir meira en 12 klst. samfelldan akstur. Svipting 2 mánuðir | 50.000 |
| **D.** | **2. gr. reglugerðar nr. 136/1995, sbr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/1985.** | |
| | Samfelld sólarhringshvíld of stutt: | |
| | - styttri en 6 klst. | 25.000 |
| | - styttri en 4 klst. Svipting 1 mánuður | 40.000 |
| | Svo sólarhringum skiptir í sömu viku | 25.000 |
| | Samfelld vikuhvíld of stutt | 40.000 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð í kr.* |
|---|---|---|
| E. | **5. og 6. gr. reglugerðar nr. 136/1995, sbr. 3. gr. og 4. kafla reglugerðar (EBE) nr. 3821/1985.** | |
| | Gallar eða vankantar á skráningarblaði eða ökurita eða notkun þess | 10.000 |
| F. | **6. gr. reglugerðar nr. 136/1995, sbr. IV. hluta viðauka nr. L 370 við reglugerð (EBE) nr. 3821/1985.** | |
| | Ökutæki ekki fært til reglubundinnar árlegrar skoðunar eða mælingar og skoðunar á 6 ára fresti | 40.000 |

## VIÐAUKI III
## Skrá yfir sektir vegna brota á reglugerð um flutning á hættulegum farmi, nr. 192/1998.

Brot á eftirfarandi ákvæðum reglugerðarinnar varða sektum samkvæmt þessari skrá:

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð í kr.* |
|---|---|---|
| **2. gr.** | **Almenn ákvæði.** | |
| *1. mgr.:* | Eigi farið eftir ADR-reglum, með viðaukum A og B, eins og þær eru í gildi hverju sinni | 10.000 |
| *2. mgr.:* | Eigi farið eftir EB-tilskipun nr. 95/50 og viðaukum við þá tilskipun, við eftirlit með flutningum | 10.000 |
| **4. gr.** | **Flokkun efna og vara.** | |
| *1. mgr.:* | Efni eða vörur eigi rétt flokkaðar áður en þær eru afhentar til flutnings | 15.000 |
| **5. gr.** | **Umbúðir og merkingar þeirra.** | |
| | Brot gegn ákvæðum greinarinnar | 15.000 |
| **6. gr.** | **Flutningsskjöl.** | |
| *2. mgr.:* | Farmur afhentur til flutnings án tilskilinna gagna | 20.000 |
| | Flutningsaðili tekur við efni eða vöru án fullnægjandi gagna | 20.000 |
| **7. gr.** | **Merking ökutækja.** | |
| | Vanrækt að: | |
| | - merkja ökutæki með fullnægjandi hættuskiltum | 15.000 |
| | - merkja ökutæki með varúðarmerkjum | 15.000 |
| | - tilgreina Sameinuðu þjóða númer og viðeigandi hættunúmer á hættuskilti | 10.000 |
| **8. gr.** | **Skortur á fylgibúnaði.** | |
| *1. mgr.:* | Slökkvibúnaður | 60.000 |
| *2. mgr.:* | Annar tilgreindur búnaður | 20.000 |
| **9. gr.** | **Réttindi ökumanna.** | |
| *1. mgr.:* | Flutningur á hættulegum farmi án tilskilinna réttinda (ADR skírteini), skv. reglugerð nr. 139/1995, um starfsþjálfun stjórnenda ökutækja sem flytja tiltekinn hættulegan farm, ásamt síðari breytingum | 30.000 |
| *2. mgr.:* | Ekið án aðstoðarmanns við flutning á sprengifimum vörum | 10.000 |
| | Aðstoðarmaður eigi með réttindi skv. reglugerð nr. 139/1995, ásamt síðari breytingum | 10.000 |
| **10. gr.** | **Samlestun.** | |
| | Sprengifim efni og annar hættulegur farmur fluttur með sama ökutæki | 30.000 |
| | Reglur um aðskilnaðarflokka eigi virtar, sbr. töflu í viðauka I | 15.000 |
| | Fóðurvörur eða matvæli flutt með hættulegum farmi, sem merktur er með varúðarmerkjum 6.1 eða 6.2 í viðauka I | 60.000 |

| *Lagagrein* | *Tegund brots* | *Sektarfjárhæð í kr.* |
|---|---|---|
| **11. gr.** | **Viðurkenning flutningseininga.** | |
| | Flutningseining notuð án þess að hafa tilskilda viðurkenningu | 10.000 |
| **13. gr.** | **Flutningur á sprengifimum efnum.** | |
| | Ökutæki, sem eigi hefur verið flokkað og viðurkennt, notað til flutnings á sprengifimum efnum | 15.000 |
| | Meira flutt af sprengifimum efnum í einni flutnings einingu en heimilt er skv. töflu í viðauka V | 20.000 |
| **14. gr.** | **Sérstök ákvæði.** | |
| *1. mgr.:* | Sérreglur um flutning á hættulegum farmi um jarðgöng eða brýr eigi virtar | 10.000 |
| | Sérreglur lögreglu um flutningsleiðir og fylgd ökutækja eigi virtar | 10.000 |
| *2. mgr.:* | Meira en 50 kg sprengiefnis flutt með sama ökutæki án tilskilins leyfis lögreglustjóra, skv. reglugerð um sprengiefni | 10.000 |
| | Tilkynningarskyldu til lögreglustjóra vegna flutnings hættulegra efna eigi sinnt | 8.000 |
| *3. mgr.:* | Ferming eða afferming (umferming) ökutækis með hættulegan farm ef um er að ræða efni skv. viðauka B í ADR-reglum og töflu í viðauka VI: | |
| | - á almennu svæði í þéttbýli án leyfis lögreglu | 60.000 |
| | - utan þéttbýlis án þess að tilkynna lögreglu | 20.000 |
| *4. mgr.:* | Ökutæki, sem flytur hættulegan farm í samræmi við viðauka B í ADR-reglum og viðauka VII, eigi vaktað | 10.000 |
| *5. mgr.:* | Ökutæki, með hættulegan farm eða hættuleg efni, samkvæmt viðauka B í ADR-reglum og viðauka VIII, stöðvað lengur en lögregla hefur heimilað nálægt íbúðarhúsnæði eða svæði þar sem almenningur á erindi um | 20.000 |
| *6. mgr.:* | Farþegi í ökutæki án undanþágu, sbr. viðauka B í ADR-reglum og viðauka IX | 10.000 |

14. maí 1998 Nr. 281

# AUGLÝSING

## um breytingu á deiliskipulagi Æðarodda á Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 12. maí 1998 var samþykkt breyting á deiliskipulagi Leynisbrautar á Akranesi eftir að það hafði verið auglýst samkvæmt 1. og 2. mgr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulag Æðarodda afmarkast af Blautósi og Flæðilæk annars vegar og gamla þjóðvegi nr. 51 hins vegar.

Á ofangreindu svæði er gert ráð fyrir búfénaðarbyggð og verður heimilt að reisa þar hús fyrir búfénað.

Deiliskipulag þetta tekur þegar gildi.

*Akranesi, 14. maí 1998.*

*F. h. bygginga- og skipulagsfulltrúans á Akranesi,*

**Hannes Fr. Sigurðsson.**